

Mál 30/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 30/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 12. desember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna framkomu kærða X í garð dómara prófsins og fulltrúa HRFÍ vegna veiðiprófs Vorstehdeildar nr. 501813 sem fór fram dagana 5.-7. október 2018.

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 5. febrúar 2019 og honum gefinn andmælafrestur til 5. mars 2019. Ekkert svar barst frá kærða.

Í samræmi við 27. gr. laga HRFÍ og málsmeðferðarreglur siðanefndar skal leita sátta í þeim málum þar sem sakir eru miklar. Málsaðilar voru boðaðir til sáttafundar sem fór fram þann 30. apríl 2019. Mætt var af hálfu kæranda á boðaðan sáttafund. Hringt var í kærða og honum gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri munnlega. Kærði mótmælti ekki málsatvikum. Aðspurður viðurkenndi hann framkomu sína og afsakaði hana. Honum til varnar hafi hann talið framkomu sína vera lítilsháttar og utan prófs. Kærandi lagði áherslu á að félagsmönnum sé óheimilt að veitast að dómurum og fulltrúum HRFÍ á viðburðum félagsins sem utan þeirra. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og upplýsingar er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt skýrslu fulltrúa HRFÍ og öðrum fyrirliggjandi gögnum var kærða vísað úr prófi sunnudaginn 7. október 2018 en það var mat fulltrúa HRFÍ að framkoma kærða á laugardegi í garð dómara hafi gert það að verkum að hann hefði fyrirgert sér frekari þátttöku í prófinu. Ennfremur er þess getið í skýrslu prófstjóra að kærða var vikið úr prófi vegna rógburðar um dómara prófsins.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sendi kærði dómara prófsins á laugardegi óviðeigandi einkaskilaboð. Jafnframt birti hann óviðeigandi myndskilaboð á vefnum undir mynd af dómurum og sigurveigara í keppnisflokki á laugardegi á fésbókarsíðu prófhaldara.

Kærandi telur háttsemi kærða brot gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn m.a.

„1.3. Koma þannig fram í tengslum við sýningar, próf eða keppnir að það hafi ekki áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm. Félagsmaður skal ekki tjá sig á meiðandi hátt um hunda annarra, starfsmenn HRFÍ og /eða þátttakendur í viðburðum á vegum félagsins, hvort sem er í ræðu eða riti, á prenti eða á vefnum. Gildir þetta jafnt á viðburðum félagsins sem utan þeirra.“

Í Veiðiprófsreglum fyrir tegundarhóp 7 stendur m.a.

„3.8.1. Almennt.

Þátttakendur í prófi og áhorfendur skulu sýna þróðmennsku og góða umgengni á prófstað, fara að settum reglum og fylgja fyrirmælum dómara og prófstjóra meðan á prófi stendur. Harðhent refsing eða ögun hunda er óheimil í veiðiprófi. Þátttakendum er óheimilt að veitast að dómara fyrir störf hans, sem og öðrum trúnaðarmönnum prófsins og þátttakendum. Brot á reglum eða vanvirðing gagnvart dómara og/eða starfsmönnum prófsins geta varðað áminningu, brottvísun úr prófi og frá prófstað. Í alvarlegri tilfellum geta brot varðað tímabundinni útilokun frá starfi HRFÍ. Varðandi framkomu á prófstað og agabrot er fulltrúi HRFÍ æðstráðandi í túlkun prófreglna. Dómari fer þó með æðsta vald varðandi vinnutilhögun og mat á hundum í sínum hópi. Hann skal ráðfæra sig við fulltrúa HRFÍ varðandi áminningar þátttakenda eða brottvísun þeirra frá prófstað. Aga-og umgengnisbrot skal tilkynna dómara. Alvarlegri tilfelli skal tilkynna prófstjóra og fulltrúa HRFÍ skriflega áður en prófi lýkur. Þátttakandi sem vísað er úr prófi fær ekki endurgreitt þátttökugjald.“

Ef dómari eða starfsmaður HRFÍ (erlendur sem og innlendur) verður fyrir óviðeigandi framkomu af hálfu félagsmanns telst það til alvarlegri tilfella. Í 27. gr. laga Hundaræktarfélags Íslands skal siðanefnd leita sátta í þeim málum sakir eru miklar. Á sáttafundi staðfesti kærði framkomu sinnar og afsakaði hana. Engar frekari upplýsingar komu fram á fundinum.

Óumdeilt er því samkvæmt gögnum málsins að framkoma kærða í garð dómara og fulltrúa HRFÍ brýtur gegn ofangreindum grundvallarreglum félagsmenn HRFÍ.

Þykir hæfileg refsing kærða vera útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ í tiltekinn tíma. Allir viðburðir á vegum félagsins, þ.á.m. trúnaðarstörf falla þar undir, en kærði er sitjandi formaður ræktunardeildar innan félagsins.

IV. Niðurstaða

Kærði X þykir hafa brotið gegn grein 1.3 grundvallarreglna fyrir félagsmenn í HRFÍ með óviðeigandi framkomu í garð dómara prófsins og fulltrúa HRFÍ vegna veiðiprófs Vorstehdeildar nr. 501813 sem fór fram dagana 5.-7. október 2018.

Kærði er útilokaður frá þátttöku í starfi HRFÍ í 3 mánuði frá úrskurðardegi. Útilokun tekur gildi frá birtingu úrskurðar fyrir kærða.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóra Fannberg

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir